



Dagsetning: 11. febrúar 2024
Málsnúmer: 2206071/9.2

Til stjórnar menningarstofu

MINNISBLAÐ

um framtíð Íslenska stríðsárasafnsins

Stjórn menningarstofu og safnastofnunar vísaði á fundi sínum 7. mars 2023 til bæjarráðs tillögu um að safninu yrði lokað sumarið 2023 vegna tjóns á húsnæði safnsins vegna leka og foktjóns. Vísaði stjórn að öðru leyti fjármögnun endurbóta húsnæðisins til fjárhagsáætlunargerðar 2024 auk tillögu um að lokið yrði endurgerð þess bragga sem eftir stóð.

Í fjárhagsáætlunargerðinni fyrir árið 2024 var ekki veitt sérstaklega fjármagni til viðhalds eða uppbyggingar á safninu. Því verður safnið að óbreyttu áfram lokað sumarið 2024 en ljósmyndasýning verður áfram á túninu ofan Ægisgötu gegnt smábátahöfninni á Reyðarfirði.

Framtíð safnsins er í óvissu en niðurstöður starfshóps um framtíð Íslenska stríðsárasafnsins frá 16. júní 2022 fjölluðu um kosti og galla núverandi staðsetningar og að kanna ætti fýsileika þess að kaupa húsnæði í miðbæ Reyðarfjarðar. Sameiginleg niðurstaða starfshópsins var að halda bæri íbúafund til að gefa almenningi kost á að koma skoðunum sínum á framfæri en sá fundur var ekki haldinn.

Stjórn safnsins tók málið fyrir að nýju á fundi sínum 14. október 2022 og taldi að skoða þurfi nánar valkosti fyrir staðsetningu Stríðsárasafnsins í miðbæjarskipulagi Reyðarfjarðar til samanburðar við núverandi staðsetningu safnsins. Því var tillaga stjórnar að við gerð skipulags miðbæjar á Reyðarfirði yrði litið til valkosta fyrir staðsetningu safnsins og þeir fari í hefðbundið kynningar- og afgreiðsluferli við skipulagsgerðina. Skemmst er frá því að segja að vinna við miðbæjarskipulag er ekki hafin og ekki uppi áform um hana.

Tillaga er gerð um að ráðast í eftirfarandi aðgerðir til að opna að nýju Íslenska stríðsárasafnið og hefja ferli við endurreisn þess.

- að sýningu safnsins verði komið fyrir til bráðabirgða í þeim bragga sem eftir stendur og þær fluttar úr núverandi sýningarstöðu. Sýningunni verði einvörðungu ætlað að standa yfir sumarið 2024 eða þar til ákvörðun hefur verið tekin um varanlega uppbyggingu safnsins.
- að móttaka og salernisaðstaða verði nýtt í núverandi sýningarhúsnæði en húsnæði ekki nýtt að öðru leyti. Eftir að sýning hefur verið flutt verði eldri sýningarstaða ekki nýtt nema sem geymsla.



- c) framkvæmdasviði í samstarfi við stjórnslu- og þjónustusvið yrði falið að gera kostnaðaráætlun um aðgerðir sem þyrfti að ráðast í vegna opunar og tillögur lagðar fyrir bæjarráð og stjórn menningarstofu.
- d) stjórn menningarstofu haldi upplýsingafund um framtíð Íslenska stríðsárasafnsins.
- e) fjármögnun við endurbætur húsnæðis og uppsetningu sýningar kæmi af viðhaldspotti ársins 2024 og væntum aðgangseyri.
- f) framkvæmdum yrði lokið fyrir opnun safnsins í byrjun júní 2024.

Óvissu um varanlega staðsetningu safnsins þarf að eyða með því að taka bindandi ákvörðun þannig að hægt verði að móta áætlun um endurgerð og uppbyggingu safnsins. Slík áætlun gæti falið í sér uppbyggingu á lengri tíma til að dreifa kostnaði.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

